

Lögreglustjórafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 18. maí 2016.

Efni: Umsögn lögreglustjórafélags Íslands við frumvarp til laga um lögreglulög og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (menntun lögreglu), 742. mál. Þingskjal 1087.


Frumvarpi þessu er fagnað og félagið er hlynnt færslu menntunar lögreglumanna upp á háskólastig eins og vilji hefur verið til hjá lögreglumönnum.

Þá er sérstaklega fagnað breytingu á aldursskilyrði í c. lið 5. gr. að hámarksaldur verði felldur út enda hefur það skilyrði skapað erfiðleika.

Varðandi kostnað við færsluna vill félagið benda á að tryggja þarf lögreglunni aukið fjármagn og óeðlilegt að þetta sé ekki sérstaklega bætt. Bæta þarf við sem þessu nemur við útgjaldaramma málaflokks innanríkisráðuneytisins.

Að þessu sögðu erum við mjög hlynnt framangreindu frumvarpi og gerum ekki frekari athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,



Halla Bergþóra Björnsdóttir
formaður Lögreglustjórafélags Íslands